



Keppendur um Hvatningarverðlaun Jónasar Magnússonar, frá vinstri: Harpa Káradóttir, Einar Hjörleifsson, sigurvegarinn Þórir Einarsson Long, Stefán Ágúst Hafsteinsson, Þórður Skúli Gunnarsson, Una Jóhannesdóttir og formaður dómmefndar, Unnur Valdimarsdóttir prófessor.



Fyrirlesarar og fundarstjórar á málþingi um meðferð alvarlegrar ofkælingar, frá vinstri: Mads Gilbert, Arnar Geirsson, Beat Wahlpot og Felix Valsson.

## Velheppnað vísindaping SKÍ og SGLÍ í Hörpu

Dagana 10.-11. apríl var haldið sameiginlegt vísindaping Skurðlæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands. Þar voru kynnt rúmlega 40 vísindarindi ásamt málþingum með erlendum fyrirlesurum, meðal annars um hryggjaraðgerðir, blæðingar í skurðaðgerðum og meðferð alvarlegrar ofkælingar. Þingið sóttu rúmlega 250 manns og var metþátttaka á sérstakan heiðursfyrirlestur Mads

Gilberts, prófessors frá Tromsø í Noregi þar sem hann fjallaði um læknisstörf sín á Gaza-svæðinu.

Á laugardeginum var samkvæmt venju keppt um Hvatningarverðlaun Jónasar Magnússonar fyrirverandi prófessors. Þar kepptu 6 bestu erindi unglækna eða læknanema. Keppnin var óvenjuhörð í ár en sigur úr bítum bar Þórir Einar Long læknanemi á 6. ári með erindið *Bráður*

nýrnaskaði á Landspítala, en meðhöfundar hans voru Martin Ingi Sigurðsson, Gísli H. Sigurðsson og Ólafur Skúli Indriðason.

Ráðstefnugestir snæddu saman í Iðnó um kvöldið og þar lék hljómsveitin BandA-íð fyrir dansi en hana skipa 10 læknanemar á 3.-6. ári.

*Tómas Guðbjartsson*